

- 120** Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samþykkt, og er gerð
4. sept. samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps nr. 56 19. apríl 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. september 1958.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

121
19. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu Hveragerðis.

I. Hitagjöld:

1. **Tvöfalt kerfi:**
 - a. Íbúðarhús, iðnaðarhúsnaði, skólar, samkomuhús, verzlanir og aðrar opinberar byggingar greiða kr. 25.00 fyrir m² gólfflatar á ári.
 - b. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 18.00 fyrir m² gólfflatar á ári.
2. **Einfalt kerfi:**
 - a. Íbúðarhús, iðnaðarhúsnaði, skólar, samkomuhús, verzlanir og aðrar opinberar byggingar, greiða kr. 23.00 fyrir m² gólfflatar á ári.
 - b. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 12—15 fyrir m² gólfflatar á ári.
3. Náttúrulækningahælið greiðir kr. 12.00 fyrir m² í gólffleti á ári.
4. Þeir, sem taka hita úr opnum hverum og leiða í húsnaði sín, greiða kr. 12.00 fyrir m² í gólffleti á ári.

Ofangreind gjöld miðast við að hitinn sé eingöngu notaður til venjulegrar upphitunar húsanna. Ef hitinn er notaður til annars, t. d. iðnaðar, ákveður hreppsnefnd í samráði við hitaveitunefnd, með sérstakri samþykkt, gjöld fyrir þann hita. Það sama varðar, ef gufa er seld.

II. Heimæðagjöld:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 6.00 fyrir m² í gólffleti og kr. 14.00 af öðrum byggingum en gróðurhúsum.

Lágmarks heimæðagjöld skulu vera kr. 1000.00. Fari lengd heimæða fram úr 50 metrum, kostar notandi sjálfur það, sem fram yfir er.

Gjöld þessi skulu greidd við tengingu húsanna.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.